

**Sp.**

**184. Tillaga til þingsályktunar**

**[129. mál]**

um endurskoðun á nógildandi frilistum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á þeim frilistum, er gefnir voru út með auglýsingum fjárhagsráðs 7. febrúar og 6. apríl 1951, og sé endurskoðunin einkum við það miðuð, að nauðsynlegt tillit verði tekið til núverandi aðstöðu hinnar innlendu iðnaðarframleiðslu.

**Greinargerð.**

Með útgáfu frilistanna snemma á árinu 1951 var ákveðið annars vegar, á hvaða vörum skyldi vera algerlega frjáls innflutningur og á hvaða vörum skyldi vera frjáls, en skilorðsbundinn innflutningur (bátalistinn), og svo hins vegar, hvaða innflutningur skyldi háður leyfisveitingum. Frilistarnir hafa þegar gilt um nokkurn tíma, þannig að nú er fengin á þeim allmikil reynsla, og ætti því að vera kominn tími til að endurskoða þá með tilliti til þessarar reynslu.

Eitt af því, sem komið hefur í ljós á þessu tímabili, er það, að mjög erfitt er að framkvæma frjálsan innflutning þannig, að við innflutning bæði á fullunnum iðnaðarvörum og hráefnum til iðnaðar sé tekið nauðsynlegt tillit til innlenda iðnaðarins. Þarf það mál sérstakrar athugunar við, og er lagt til, að það sé athugað við þá endurskoðun, sem hér er gert ráð fyrir.

Það vakti á sínum tíma mikla og almenna ánægju, þegar innflutningurinn var gefinn frjáls, því að á tímum haftanna kom vöruskorturinn hart niður á almenningi. Fyrir heimilin er mikill munur frá því, sem áður var, að geta nú fengið nauðsynlegan varning, sérstaklega vefnaðarvöru, til þess að á heimilunum sé hægt að vinna ýmislegt það, sem áður skorti efni til. Munu fáir óska þess, að þessi mál komist í sitt fyrra horf, hvað þetta snertir, ef hjá því verður komið. Hitt er svo annað mál, að þótt frilistinn hafi á sínum tíma verið sjálfsgöð úrbót á óviðunandi ástandi, þá er eðlilegt, að hann þurfi endurbóta við. Og þar sem það, hvaða vörur eru fluttar inn á hverjum tíma, hefur mikla þýðingu fyrir atvinnu manna í landinu, er sjálf-sagt, að endurskoðun fari fram á því, hvernig málum þessum skuli hagað, þar sem það sé haft í huga, á hvern hátt sé hægt að vernda og styðja góðan, íslenskan iðnað og stuðla með því að aukinni atvinnu og bættum kjörum, jafnframt því sem þess sé gætt að þrengja ekki kosti heimilanna með aðgerðum í sambandi við innflutninginn.